

Borgarstjórn
19. mars 2019

Greinargerð borgarfulltrúa Miðflokksins með umræðu um Gagnaveitu Reykjavíkur:

Gagnaveita Reykjavíkur var stofnað sem sérstak félag innan samstæðu Orkuveitu Reykjavíkur 2006 og tók til starfa 1. janúar 2007. Félagið hefur fjárfest að núvirði fyrir meira en 30 milljarða, þótt árlegar tekjur hafi einungis náðu um tveimur milljörðum. Félagið hefur aldrei skilað jákvæðu fjárflæði innan árs sem leiðir það af sér að íbúar Reykjavíkur, Borgarbyggðar og Akraness fá ekki eðlilega ávöxtun á þær risavöxnu upphæðir sem bundnar eru í félaginu. Jafnframt hefur félagið ekki opnað net sitt til að selja aðgang að ljósheimtaugum. Önnur netfyrirtæki á Íslandi í eigu sveitarfélaga, orkufyrirtækja, einkafjárfesta eða blöndu þar af, veita slíkan aðgang.